

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 13/2015.

Reykjavík, 16.07.2015
2015070086

Efni: Innköllun á Bónus sætu sinnepi.

Vogabær ehf. hefur ákveðið að innkalla frá neytendum Bónus sætt franskt sinnep sem fyrirtækið framleiðir fyrir Bónus þar sem varan inniheldur sellerí en ekki er upplýst um það í lista yfir innihaldsefni vörunnar.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörunnar sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Bónus.

Vöruheiti: Sinnep – sætt - franskt.

Strikanúmer: 5690575210048.

Nettómagn: 460 g.

Framleiðandi: Vogabær ehf. fyrir Bónus, Skútuvogi 13, 104 Reykjavík.

Framleiðsluland: Ísland.

Dreifing: Verslanir Bónus um land allt.

Sellerí er á lista yfir ofnæmis- eða óþolsvalda. Samkvæmt matvælaöggjöfinni eiga ofnæmis- eða óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla. Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir sellerí.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru með ofnæmi eða óþol fyrir sellerí eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila til Vogabæjar ehf. gegn endurgreiðslu.

